

Innviðaráðuneyti

Ísafirði 18. ágúst 2026

Umsögn Samráðgátt; Hvítbók Byggðaáætlunar 2026 mál S104 2026

Fjórðungssamband Vestfirðinga þakkar fyrir það tækifæri að koma að umsögn um Hvítbók um byggðamál, umsögnin fylgir eftir umsögn sambandsins um Grænbók um byggðamál frá því í mars s.l..

Umsögn þessi skiptist í umfjöllun um árangur Byggðaáætlunar, síðan nálgun Hvítbókar á innviðamál, atvinnumál, farsældarmál, fjárhagsramma byggðamála og stöðu og þróun sóknaráætlana og að lokum umfjöllun um tillögur að aðgerðaáætlun til 5 ára.

Árangur. Við samanburð aðgerða í tillögum að Hvítbók og Grænbók Byggðaáætlunar og gildandi Byggðaáætlun, þá má meðal annars sjá eftirfarandi árangur í uppbyggingu innviða á Vestfjörðum.

- Tenging háhraðanets með ljósleiðara við byggðarlög og hringtenging þéttbýlisstaða er lokið eða nær lokið. Fækkun dauðra farnetspunkta á stofnvegum er í vinnslu (með fyrirvara um að aftenging 2G og 3G sambands og uppbygging 5G gangi eftir),
- Þrífösun rafmagns í dreifbýli er því sem næst lokið, full jöfnun orkukostnaðar er á áætlun og efling jarðhitaleitar hefur skilað árangri og framkvæmdir hafnar við nýjar hitaveitur en óvissa með hluta þeirra. Uppbygging flutningskerfis raforku hefur lagt áherslu á hringtengingu innan svæða á Vestfjörðum en ekki þó lokið. Virkjanaáform fyrir virkjanir stærri en 10 MW hafa unnist áfram og leyfi fyrir byggingu tæpra 10MW virkjunar er í hendi.
- Stór verkefni í vegaframkvæmdum á stofnvegum eru á lokastigi og nýr hringvegur hefur opnast um Vestfirði. Stjórnvöld hafa samþykkt að styðja við áætlunarflug til Ísafjarðar og til viðbótar samningum vegna flugs á Bíldudal og Gjögur. Stuðningur til íbúa með Loftbrú hefur einnig verið mikilvægur.
- Starfsemi landshlutasamtaka um atvinnu og byggðþróun og [Sóknaráætlanir](#) með stuðningi Byggðaáætlunar hefur stöðugt unnið í að viðhalda og þróa ný verkefni sem miða að því langtíamarkmiði að efla nýsköpun, markaðsstarf og þróun samfélaga um land allt. Í gegnum Uppbyggingarsjóði hafa Sóknaráætlanir á sama tíma stutt við verkefni á sviði menningar, nýsköpunar, atvinnuþróunar, umhverfismála og á Vestfjörðum veitt stofn og rekstrarstyrki til menningarstofnana.

Greiðfærni.

Vestfirðir hafa sérstöðu miðað við aðra hluta landsins, vegna fjöllótt landslags, veðurfars og langra vegalengda innan vinnu- og þjónustusvæða og út af landshlutanum, auk minni umferðar. Vinnureglur vetrarþjónustu Vegagerðarinnar sem staðfestar eru með reglugerð, taka ekki tillit þessara sérstöðu sem leiðir til verri þjónustu (skemmri þjónustutími er nemur 2 til 4 tímum) en í öðrum landshlutum og er hindrun fyrir umferð sem ella yrði. Einnig tekur langan tíma að fá þjónustustig hækkað eftir því sem endurbætur á vegkerfinu hafa komist í gegn s.s. á Dynjandisheiði, þar sem umferð myndi aukast ef þjónustustig væri hærra. Forsendur fyrir almenningssamgöngur á heilsársgrunni eru einnig háðar framkvæmd vetrarþjónustu.

Stjórnvöld bera við að ekki sé hægt að mæta sérstöðu Vestfjarða því gæta verði að jöfnuði gagnvart öðrum íbúum landsins sem myndi auka kostnað, því fjármagn til vetrarþjónustu hefur verið og er takmarkandi þáttur. En um leið er þá niðurstaðan að samfélag og atvinnulíf á Vestfjörðum fær lakari þjónustu og mismunar íbúum landshlutans gagnvart öðrum íbúum landsins.

Fyrir Vestfirði er því mikilvægt að Byggðaáætlun skuli nú í fyrsta sinn taka upp sem áherslu mikilvægi vetrarþjónustu og almenningssamgangna, til að jafna aðstöðu íbúa til að sækja þjónustu, vísað er til mismununar kynja, ungmenna og eldra fólks. Þessu ber að fagna og er í takt við stefnumörkun og málflutning Fjórðungssambands um árabíl.

Fjórðungssamband leggur til að nýta hugtakið greiðfærni og það fái aukið vægi og verði sett sem megináhersla við markmiðsetningu, aðgerðir og mælikvarða byggðaáætlunar. Hér er krafan að stjórnvöld hlutist til um að jafna stöðu íbúa gagnvart greiðfærni, til að sækja megi atvinnu, þjónustu, félagslíf og menningu frá því snemma morguns og fram á kvöld og flutningar afurða, þjónustu og aðfanga inn og út af svæðinu sé í takti við aðra landshluta. Tillaga um Greiðfærni er sett fram undir liðnum aðgerðir.

Samspil Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 og aðgerðaáætlana.

Tillaga að Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050 var samþykkt í öllum sveitarstjórnnum á Vestfjörðum í maí s.l. og Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun (HMS) tilkynnti í júní s.l. að stofnunin muni staðfesta skipulagstillöguna. Formleg staðfesting skipulagsins með undirritun sveitarfélaganna og HMS mun verða þann 27. ágúst n.k. og verður birt í Skipulagssjá að undirritun lokinni, en fram að því er tillagan og fylgigögn hennar að finna í [Skipulagsgátt](#).

Beint er til innviðráðuneytis að kynna sér efni svæðisskipulagsins, stöðumat og umhverfisskýrslu.

Með gerð svæðisskipulags eru vestfirsk sveitarfélög á grundvelli heimildar skipulagslaga, að greina og móta framtíðarsýn til næstu 25 ára á grundvelli víðtæks samráðs með íbúum og þess ramma sem lög og stefnuáætlanir ríkisins setja. Hér má vísa sérstaklega vísa til Landsskipulagsstefnu 2024-2038 og aðgerða þar sem marka stefnu um eflingu byggðakjarna auk borgarstefnu. Á sama hátt hafa sveitarfélög á landshlutavísu þ.e. á Suðurnesjum og á Austurlandi unnið svæðisskipulag. Hér hafa sveitarfélögin fundið þörf og sýnt frumkvæði í að ná heildstætt utan þróun atvinnulífs, samfélaga og umhverfi þessara landshluta og mótað markmið og framtíðarsýn þeirra.

Með svæðisskipulagsgerð birtist sérstaða og stefna um áherslur sem leiða eiga til framþróunar þessara landshluta sem sjálfbærra efnahags, samfélags og umhverfislegra eininga, en um leið er samhljómur með stefnumörkun stjórnvalda á landsvisu. Eins er ferill að gerð svæðisskipulags byggður á víðtæku samráði við íbúa og það samtal sem á sér stað leiðir til eignarhalds íbúa á stefnuáætlunni.

Fyrir stefnumörkun Hvítbókar Byggðaáætlunar er mikilvægt að leiða fram stefnu sem vinnur að heildarmarkmiðum fyrir landið allt, en um leið verður áætlunin að horfa til þess að framkvæmd og aðgerðir þurfa að fá að mótast á grundvelli sérstöðu landshlutanna. Það frumkvæði sem landshlutarnir hafa hér sýnt, ætti að vera fagnaðarefni fyrir stjórnvöld sem vilja vinna að sem mestum fjölbreytileika atvinnulífsins og sjálfbærni byggða um land allt.

Framfylgd og innleiðing svæðisskipulagsins er með líkum hætti í þessum landshlutum. Annarsvegar í gegnum aðal- og deiliskipulag sveitarfélaganna en hinsvegar í aðgerðaáætlunum sem eru á landshlutavísu, (flestar til fimm ára í senn). Í Svæðisskipulagi Vestfjarða eru tilgreindar, Sóknaráætlun, Áfangastaðaáætlun, Úrgangsáætlun, Menntastefna, Menningarstefna og Innviðaáætlun og hefur Vestfjarðastofa lykilhlutverk að innleiða þessar áætlanir.

Í upphafi vegferðarinnar um gerð svæðisskipulagsins á Vestfjörðum var samhljómur um að ný staða væri að teiknast upp með framtíð samfélaga á Vestfjörðum. Miklar framfarir í innviðamálum, bætt staða atvinnulífs og fjölgun íbúa gæfu tilefni til að staldra við til að greina þessa stöðu og móta stefnu og markmið, en að því loknu tæki við tímabil framkvæmda. Með samþykkt svæðisskipulagsins liggur fyrir að svæðisskipulagið og sóknaráætlun deila nú sömu framtíðarsýn og markmið og aðgerðir eru samtvinnaðar. Af þessum sex aðgerðaráætlunum hefur Sóknaráætlun Vestfjarða hér hvað einn mest vægi og er það tæki sem landshlutinn hefði best geta nýtt sér, allt frá því sóknaráætlanir tóku á sig núverandi form frá árinu 2014.

Því verður að lýsa vonbrigðum að skortir á umfjöllun í Hvítbók að Byggðaáætlun, um hlutverk sóknaráætlana og að samþykkt Fjármálaáætlun 2027-2031 stefnir á að dregið verði úr fjármagni til sóknaráætlana. Að óbreyttu mun þessi tillaga því skerða með beinum hætti framkvæmd Svæðisskipulags Vestfjarða.

Það er mat Fjórðungssambandsins er þessi niðurskurður sé úr takti við markmið og áherslur Hvítbókar að Byggðaáætlunar um að sóknaráætlanir séu meginþáttur í að stuðla að öflugum og sjálfbærum byggðum um land allt og stuðla að fjölbreytni atvinnu og menningarlífs. Þessu er hér með mótmælt og gerð krafa um aukið fjármagn með eflingu sóknaráætlana að leiðarljósi.

Byggðaáætlun, horfir ekki til fjölbreytni atvinnulífs.

Eitt af meginmarkmiðum Hvítbókar byggðaáætlunar er að vinna að fjölbreytni atvinnulífs um land allt. Síðan segir í mat á áhrifum byggðaáætlunar, að hlutverk stjórnvalda sé að skapa ramma fyrir atvinnulíf en bein aðkoma að auka fjölbreytni atvinnulífs felist einkum í að hafa áhrif á staðsetningu og samsetningu opinberra starfa.

Það er hinsvegar ágalli Hvítbókar byggðaáætlunar að taka ekki einnig umfjöllun um stöðu og væntingar um þátt stærstu atvinnugreina í að auka fjölbreytni atvinnulífs um land allt og þann ramma sem stjórnvöld setja til að hafa þar áhrif á.

Einu atvinnugreinarnar sem ávarpaðar eru með beinum hætti eru landbúnaður og matvælaframleiðsla undir formerkjum matvælaöryggis, annarsvegar vegna smáframleiðenda og hinsvegar sem hluti af varnariðbragði þjóðarinnar. Landbúnaður hefur mest áhrif á þróun strjálbýlis og nokkurra byggðakjarna sem byggja á afleiddri starfsemi tengdri landbúnaði og stjórnsýslu hans.

Útflutningsgreinarnar, sjávarútvegur, lagareldi, iðnaður, ferðaþjónusta koma ekki fyrir í texta Hvítbókar hið sama á við hugverkagreinar, afþreyingu, menntun og menningu. Hér skortir í umfjöllun tillögu Hvítbókar að byggðaáætlunar um mikilvægi þessara atvinnugreina landið í heild og síðan hvar sérstaða og þekking hefur byggst upp í landshlutunum. Slík umfjöllun á að tengja umfjöllun um eflingu opinberra starfa um land allt í tengslum við framangreindar atvinnugreinar, stjórnsýsla, eftirlit og rannsóknir.

Byggðaáætlun, Landsskipulagsstefna og Borgarstefna.

Alþingi samþykkti á vorþingi 2024, Landsskipulagsstefnu 2024-2038.

Landsskipulagsstefna felur í sér áherslur í framtíðarsýn, meginmarkmið og aðgerðaáætlun ásamt tilmælum til sveitarfélaga að taka þessar áherslur inn í gerð og framkvæmd aðal- og svæðisskipulags. Áherslur Landsskipulagsstefnu eiga síðan að leiða til beinna og skilgreindra aðgerða eða samþættingar við aðgerðir í öðrum opinberum áætlunum.

Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna, ríkisstjórnar sem tók við völdum í desember 2024, þá heyra skipulagsmál undir nú undir félags- og húsnæðismálaráðuneyti en var áður hjá innviðaráðuneyti. Þegar Landsskipulagsstefna var afgreidd þá segir í Landsskipulagsstefnu, að meginmarkmið áætlana innviðaráðuneytsins sé tvíþætt, þær eigi að sjá til þess að innviðir mæti þörfum samfélagsins og byggðir og sveitarfélög um allt land verði sjálfbær. Áætlanir innviðaráðuneytis, málefni sveitarfélaga, Samgönguáætlun og Byggðaáætlun eru verkfæri ráðuneytisins til að mæta þessum markmiðum.

Það er mat Fjórðungssambandsins að Landsskipulagsstefna og Byggðaáætlun séu þau stefnuskjöl sem stjórnvöld setja um skipulag byggðar í landinu og innviðaaætlanir tengi byggðirnar. Við samanburð á meginmarkmiðum tillögu að Hvítbók, Byggðaáætlunar til næstu 15 ára þá má segja að þau séu í samræmi við Landsskipulagsstefnu á sama tíma, án þess að Landsskipulagsstefnan sé sérstaklega tilgreind sem slík í Byggðaáætlun, nema í tveim af fjórtíu aðgerðum.

Samspil eða samþætting þessarar tveggja stefnuskjala má einnig sjá í vali aðgerða í tillögu að Hvítbók byggðaáætlunar. Að mati Fjórðungssambandsins setur Landsskipulagsstefna fram þrjár tegundir landssvæða, dreifbýli/strjálbýli, byggðakjarna/meginkjarna og borgir. Hér vekur athygli að aðgerðir Hvítbókar fylgja Landsskipulagsstefnu varðandi að dreifbýlustu / strjálbýlustu sveitarfélögin eða afmörkuðum svæðum innan þeirra og hinsvegar að sveitarfélögum innan skilgreindar landsvæða borgarstefnu. Engar aðgerðir beinast að eflingu byggðakjarna og meginkjarna í landshlutunum, sem Landsskipulagsstefna leggur ríka áherslu á m.a. til að ná fram markmiðum loftlagsstefnu.

Mörkun Borgarstefnu hefur átt sér talsverðan aðdraganda og lengi áhersla að hálfu Reykjavíkurborgar. Samþykkt var að gerð Borgarstefnu yrði hluti af aðgerðum í Byggðaáætlun 2022-2038 og verkefnið var grunnur að efni þingsályktunar sem lögð var fram á Alþingi haustið 2024, umræða og nefndaráliti var skilað á vorþingi 2025 en náði ekki afgreiðslu en var síðan afgreidd á haustþingi 2025.

Tillaga Hvítbókar að Byggðaáætlun er að Borgarstefnu verði framhaldið sem aðgerð C3 *Þróunaráætlanir fyrir borgarsvæði*, er val á aðgerðinni stutt m.a. með vísan til nefndarálits umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis við afgreiðslu þingsályktunnar um Borgarstefnu. Fjórðungssambandið vill vekja hér athygl á að í [nefndaráliti](#) umhverfis- og samgöngunefndar, kom fram sjónarmið landshlutasamtaka sveitarfélaga, þar sem lýst er áhyggjum af stöðu landshluta utan skilgreindar áhrifasvæða höfuðborgar og svæðisborgar. Í áliti nefndarinnar segir;

Varðandi sérstaka stefnu um svæði sem liggja utan borgarsvæða en gegna hlutverki miðstöðva verslunar og þjónustu fyrir dreifbýl landsvæði telur meiri hlutinn rétt að ráðuneytið taki þá ábendingu til skoðunar við endurskoðun byggðaáætlunar.

Hér hefur að mati Fjórðungssambands Vestfirðinga, að óbreyttum tillögum Hvítbókar, skapast óvissa um áherslur stjórnvalda um skipulag byggðar í landinu og bein mismunum gagnvart sveitarfélögum í stuðningi stjórnvalda við vali á aðgerðum. Sveitarfélögum er falin ábyrgð, samkvæmt Landsskipulagstefnu, að innvikla í skipulagsgerðina eftir atvikum í stefnu sveitarfélaganna, í málum er varða dreifbýli, byggðakjarna og borgarsvæða. Þetta hafa sveitarfélög á Vestfjörðum m.a. framkvæmt við vinnslu og samþykkt á Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050 er varðar dreifbýli og byggðakjarna.

Í annan stað hefur innviðaráðuneytið valið áframhaldandi vinnu að borgarstefnu í nýrri Byggðaáætlun, með vísan til vilja Alþingis, en tekur ekki til umfjöllunar eins vilja Alþingis, að við endurskoðun byggðaáætlunar verði eins hafin vinna að sérstakri stefnu um svæði sem liggja utan borgarsvæða.

Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir áhyggjum af þessari óvissu um að vægi og sérstaða hvers landshluta m.t.t. samfélaga og atvinnulífs og öflugum byggðakjörnum og hafi nú minna vægi en í fyrri Byggðaáætlun og áherslum stjórnvalda.

Því er þess krafist að gætt verði samræmis milli Byggðaáætlunar og Landsskipulagsstefnu er varðar skipulag byggðar í landinu og til vilja Alþingis um aðgerð í þágu borgarstefnu og aðgerð tengd svæðum utan borgarsvæða. Beint er til innviðaráðherra að móta nýjar aðgerðir með gerð tillagna sem stuðla að eflingu byggðakjarna og meginkjarna í hverjum landshluta á grundvelli sérstöðu / sérhæfingar þeirra. Boðaðar aðgerðir er varðar málefni dreifbýlis, höfuðborgar og svæðisborgar verði endurskoðar í þessu samhengi til að ná einni heildarsýn á þróun þessara þriggja byggðasvæða.

Byggðaáætlun, farsæld barna og ungmennaráð.

Farsæld barna og fjölskyldna er ein af grunnforsendum sjálfbærrar byggðaðróunar. Aðgengi að menntun, heilbrigðis- og félagsþjónustu, tómstundastarfi og öruggum samgöngum hefur bein áhrif á búsetugæði fjölskyldna og möguleika samfélaga til að laða að og halda í íbúa.

Innviðaráðuneytið er samstarfsaðili við innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þrátt fyrir það fær farsæld barna takmarkað vægi í hvítbókinni og er ekki nefnd sérstaklega meðal viðfangsefna eða áherslna hennar.

Lagt er til að farsæld barna verði nefnd með skýrum hætti í endanlegri byggðaáætlun. Með því yrði undirstrikað að aðstæður og þjónusta í nærumhverfi barna hafi áhrif á farsæld þeirra og að uppbygging barnvænna samfélaga sé mikilvægur hluti af sjálfbærri byggðaðróun.

Farsældarráð eru þverfaglegir samráðsvettvangar sveitarfélaga, ríkisstofnana, þjónustuveitenda og notenda þjónustu. Þau búa yfir mikilvægri þekkingu á stöðu barna og fjölskyldna og geta stuðlað að samhæfingu þjónustu og samstarfi þvert á sveitarfélög og stofnanir. Lagt er til að farsældarráð verði skilgreind sem mögulegir samstarfsaðilar við útfærslu og framkvæmd þeirra aðgerða byggðaáætlunar sem hafa áhrif á börn og fjölskyldur. Það á meðal annars við um aðgerðir sem snúa að almenningssamgöngum, íþrótt- og æskulýðsstarfi, menningu, menntun og aðgengi að sérfræðiþjónustu.

Aðkoma ungmennaráða að fleiri aðgerðum

Gott er að svæðisbundin ungmennaráð séu nefnd sem samstarfsaðilar í aðgerð nr. C10 um List fyrir alla. Ungmennaráð geta þó lagt mikilvægt framlag til mun fleiri aðgerða hvítbókarinnar. Þau miðla reynslu og sjónarmiðum ungmenna og skapa stjórnvöldum aðgang að skipulögðum samráðsvettvangi sem þegar er til staðar.

Sérstaklega er bent á að ungmennaráð eru augljósir samstarfsaðilar við eftirfarandi aðgerðir:

- aðgerð nr. A 6 um almenningssamgöngur milli byggða;
- aðgerð nr. A 7 um almenningssamgöngur til og frá borgarsvæðum;
- aðgerð nr. A 8 um, íþrótt- og æskulýðsstarf í dreifðum byggðum.

Ungmennaráð Vestfjarða hefur á síðastliðnu starfsári fjallað töluvert um almenningssamgöngur og áhrif takmarkaðra samgangna á líf, nám, tómstundir og þátttökumöguleika ungmenna í dreifðum byggðum.

Ráðið er því vel undirbúið til frekara samráðs um þróun almenningssamgangna og þær þarfir sem taka þarf mið af við skipulag þjónustunnar.

Lagt er til að staðbundin og svæðisbundin ungmennaráð verði tilgreind sem samstarfsaðilar í fleiri aðgerðum hvítbókarinnar þegar þær varða hagsmuni og daglegt líf ungmenna. Aðkoma þeirra ætti að eiga sér stað við þarfagreiningu, útfærslu og mat á aðgerðum en ekki eingöngu þegar fullmótaðar tillögur eru lagðar fram til umsagnar.

Um efnahagsleg áhrif Byggðaáætlunar.

Umfjöllun um efnahagsleg áhrif Byggðaáætlunar (kafla 3.5) er um almenn áhrif áætlunarinnar og um málaflokk 8.2. Byggðamál. Almennt er tilgreint að efnahagsleg áhrif byggðaáætlunar séu umfangsmikil, fjölmargar aðgerðir verði fjármagnaðar af öðrum málavæðum en án þess að gerð sé grein fyrir þeim ráðstöfunum. Þetta verður að telja óviðunandi stöðu, að hafa óljósa mynd af áætluðu heildarfjármagni til byggðamála til stuðnings við fjölbreytt atvinnulíf og sjálfbærar byggingar um land allt.

Til að hafa yfirsýn yfir efnahagsleg áhrif verður hafa slíkt yfirlit líkt og boðað var með Grænbók Byggðaáætlunar og innviðaráðherra leggur áherslu á skýrslu sinni til Alþingis um framkvæmd Byggðaáætlunar (mál 375/157). Gerð er því krafa að aðgreining á fjármögnun verkefna sem stjórnvöld tengja við byggðamál, það er verkefna sem eingöngu eru fjármagnaðar af byggðalið, samfjármagnaðar af byggðalið og ábyrgðarráðuneyti og liðir sem eingöngu eru fjármagnaðar af viðkomandi ábyrgðarráðuneyti. Jafnframt þarf að tilgreina hver áætlaður kostnaður við verkefni/aðgerð og ábyrgðaraðila. Verði breytingar á fjármagn til byggðamála í fjárlögum eða fjármálaáætlun þá verður einnig mun skýrar hvernig sú fjármögnun hefur áhrif á einstakra aðgerða og mælanleika þeirra.

Málaflokkurinn 8.2. Byggðamál tilgreinir bein framlög í fjármálaáætlun og fjárlögum. Í Grænbók Byggðaáætlunar var kynnt staða og þróun framlaga til ársins 2030 allt frá árinu 2012 og skýrð tímabundin framlög s.s. vegna heimsfaraldurs og nú síðast ákvörðun fjárlaganefndar að fela landshlutasamtökum ráðstöfun fjármagns til ýmissa minni beiðna sem árlega berast fjárlaganefnd. Í Hvítbók að byggðaáætlun er yfirlit um framlög frá árinu 2018.

Það er mat Fjórðungssambandsins að grunnframlög málaflokksins þ.e. án tillitis til tímabundinna framlaga, hafi staðið í stað frá viðmiðunarárinu 2018 og þannig rýrnað verulega m.t.t. hækkunar verðlags og launaþróunar. Sett í samhengi þá er heildarfjárhæð Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða til nýsköpunar, atvinnuþróunar og menningar nær óbreytt á þessu tímabili eða um 60 mkr á hverju ári.

Yfirlitið sýnir einnig að gert er ráð fyrir áframhaldandi lækkun framlaga ár hvert um 1 % til ársins 2031. Þar sker sig síðan úr að tillaga um að skerða framlög um 20% til sóknaráætlana á árinu 2030, sem er upphafs ár nýs 5 ára tímabils sóknaráætlana til ársins 2034.

Samningar og áherslur í aðgerðum hafa verið í núverandi mynd í 10 til 12 ár en byggðu á grunni stefnu sem mörkuð var um og eftir síðustu aldamót. Hér var lögð áhersla á að færa ábyrgð og framkvæmd málaflokksins út til landshlutanna og stefnumörkun og framtíðarsýn yrði mótuð í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Eins byggðist upp þekking á framkvæmd við mótun ramma og úthlutun fjármagns til Uppbyggingarsjóða og áhersluverkefna. Ráðuneyti hafa einnig notað þennan vettvang til að fylgja eftir sérstökum áherslum með gerð viðaukasamninga við sóknaráætlanir.

Núverandi fjármögnun ríkisins ásamt mótfamlögum sveitarfélaga, er hryggjarstykkið í starfsemi landshlutasamtaka og samstarfsstofnana þeirra til að sinna atvinnu og byggðapróun í hverjum landshluta. Fjármagn til verkefna kemur síðan með aðgerðum Byggðaáætlunar, Sóknaráætlana (Uppbyggingarsjóði og áhersluverkefni) og flutningsjöfnunarsjóðs og að lokum er það starfsemi Byggðastofnunar.

Að mati Fjórðungssambandsins þá er þetta ekki ábyrg langtímastefna eða í raun aðgerðaleysi. Samdráttur í framlögum samtímis hækkun verðlags og launa, mun að lokum leiða til að brestur verður í samhengi markmiða og væntinga um árangur. Óskað er hér eftir umfjöllun í Hvítbók, hver sé grunnur að lækkun fjármagns með hliðsjón að því sem virðist óbreyttum markmiðum og framtíðarsýn og hvernig tilgreindu fjármagni ætlað að standa undir aðgerðum til næstu 15 ára.

Gerð er krafa um að í nýrri Byggðaáætlun verði fjallað heildstætt um rekstur málaflokks byggðamála og fjármögnun hans, og strax verði dregnar til baka tillögur um skerðingar. Sérstaklega verði endurkoðuð skerðing á Sóknaráætlunum og þar með minni stuðningi Uppbyggingarsjóða. Eins er gerð er krafa um hvaða aðgerðir eru fjármagnaðar beint af byggðaáætlun, hvaða aðgerðir sem eru samfjármagnaðar innan málaflokksins af byggðaáætlun og ráðuneytum og að lokum hvaða aðgerðir sem eingöngu eru fjármagnaðar af ráðuneytum. Með slíkri greiningu má meta heildarumfang sem stjórnvöld tengja við byggðamál og hvernig það umfang er að þróast og áhrif á framkvæmd atvinnu og byggðapróunar.

Auðlindagjöld og byggða og atvinnuþróun

Tekjur ríkissjóðs hafa hækkað af auðlindagjöldum og því sem núverandi stjórnvöld tilgreina sem leiðréttingu eða jöfnun skattlagningar á atvinnugreinar. Nær án undantekningar eru þetta atvinnugreinar sem eru grunnatvinnugreinar landshluta sem eru á áhrifasvæði byggðaáætlunar. Boðað er að þessar auknu tekjur verði nýttar til að efla innviði og þjónustu í sömu landshlutum m.a. með fullfjármagnaðri Samgönguáætlun en ekki skýrt nánar hver eru nettóáhrif gagnvart hagkerfi viðkomandi landshluta.

Þetta er hér rakið til að benda á að mikilvægt er að hvítbók um byggðamál innihaldi umfjöllun um áhrif nýrrar eða breyttrar skattlagningar á landsbyggðina. Umræða um auðlindagjöld er þannig eðlileg, en staðreyndin er að auðlindum er misdreift um landið, sérstaklega í ljósi þess að auðlind getur verið teygjanlegt hugtak.

Þannig virðist eldi á laxi í sjó vera auðlindanotkun, en sambærilegt eldi á landi er það ekki, jafnvel þó landinu sé raskað með óafturkræfum hætti ólíkt sjókvíældi. Fallvötn eru auðlind sem ýmsir vilja skattleggja sem slíka, en ekki aðgengi að heitu vatni, þó það hafi veruleg áhrif á húshitunarkostnað og lífsskilyrði. Sumir ferðamannastaðir eru auðlindir (fossar til dæmis) sem talið er eðlilegt að skattleggja, en ekki Hallgrímskirkja eða Arnarhóll. Göng eiga að fá vegtolla, en nálægð við útflutningshöfn eða millilandaflugvöll er ekki auðlind, þó nálægðin búi til aðstöðumun í sjálfu sér.

Vissulega er það svo að jöfnunarsjóður sveitarfélaga á rót sína í því hlutverki að jafna til dæmis tekjuöflunarmöguleika sveitarfélaga vegna nálægðar eða fjarlægðar frá auðlindum höfuðborgarinnar. Og auðvitað er ekki skynsamlegt að taka úr sambandi öll verð og þannig mikilvægt hlutverk verðs í gangverki blandaðs kapítalísks hagkerfis.

Staðreyndin er samt sú að sú ákvörðun sem tekin var á nítjándu öld um að Reykjavík yrði aðsetur endurreists Alþingis bjó til auðlind. Þeirri auðlind fylgir í dag ekki sérstakur auðlindaskattur, heldur meðgjöf í formi fleiri og betur launaðra starfa með tilheyrandi afleiddum áhrifum.

Við mat á heildaráhrifum Byggðaáætlunar ætti að taka fyrir mat á þessum breytingum. Hver eru líkleg áhrif þessara skattheimtu á þrótti atvinnulífs með aukinni skattheimtu en bæta almennt rekstarumhverfi þeirra með bættum innviðum.

Annað.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur kynnt sér umsögn Þórodds Bjarnasonar, prófessors við tillögu að Hvítbók Byggðaáætlunar. Hluti þeirra efnisatriða umsagnar Fjórðungssambandsins eru skrifuð með hliðsjón af hans umsögn.

Fjórðungssambandið tekur síðan undir og beinir til innviðaráðuneytis að fjalla um þá sex efnisþætti sem Þóroddur dregur saman í sinni umsögn, ekki síst umfjöllun um tilurð og sýn á framkvæmd borgarstefnu sem hluta af Byggðaáætlun og veikingu á stöðu og aðild landshlutasamtaka í aðgerðum Byggðaáætlunar.

Ítrekun atriða úr Grænbók Byggðaáætlunar.

Fjórðungssamband Vestfirðinga skilað umsögn um Grænbók Byggðaáætlunar og ítrekar hér ákveðin atriði sem koma til umfjöllunar í Hvítbók Byggðaáætlunar.

Kynja og jafnréttissjónarmið og almenningssamgöngur.

Kveða þarf skarpar á um áhrif vetrarþjónustu á atvinnusókn innan vinnusóknarsvæða, kannanir sýna að hærra hlutfall kvenna og vaxandi hlutfall íbúa veigrar sér vinnusókn á milli staða ekki síst þar sem um einn eða fleiri fjallvegi sé að fara. Skoða hlutfall fjallvega innan vinnusóknarsvæða sem ákveðin mælikvarða eða vægi þeirra aðstæðna metið.

Skoða ætti einnig stöðu almenningssamgangna innan vinnusóknar og þjónustusvæða, en hærra hlutfall kvenna en karla nýta sér almenningssamgöngur og það hefur áhrif á stöðu kvenna í sækja atvinnu og þjónustu. Í þingsályktun um Samgönguáætlun 2026-2040, sem var samþykkt að framlög til almenningssamgangna á landsbyggðinni komi til með að lækka á tímabilinu 2026-2030, þrátt fyrir markmið um að efla og styrkja almenningssamgöngur um land allt.

Aðgerðir Byggðaáætlunar varðandi almenningssamgöngur eru með takmarkað fjármagn og geta ekki tryggt langtímafjármögnun.

Árangursmælikvarðar.

Fjöldi ríkisstarfa.

Fjöldi ríkisstarfa af íbúafjölda er nauðsynlegur mælikvarði til að skoða dreifingu starfa, en auk þess að mæla fjölda ríkisstarfa verður að mæla fjölda **sérfræðistarfa og meðallaun** starfa. Slíkar mælingar gefa færi á að meta dreifingu verðmætustu starfanna.

Menntunarstig.

Að greina fjölda háskólamenntaðra eftir atvinnugreinum, sem myndi varpa ljósi á hvaða atvinnugreinar hafa hæsta hlutfallið og hvernig þær atvinnugreinar skipast eftir landshlutum. Einnig áhugavert að skoða vægi starfsemi háskóla og stofnana þeim tengdum innan hvers landshluta.

Fjölbreytt atvinnulíf og óstaðsett störf.

Setja þarf mælikvarða á hvað telst fjölbreytni atvinnulífs, meta þarf einnig efnahagslegan styrkleika og möguleika fyrirtækja til að leiða nýsköpun sem er grundvöllur að fjölbreytni starfa.

Markmið með fjölgun starfa með óstaðsettum störfum hefur reynst tvíeggjað sverð eins og kemur fram í skýrslu Byggðastofnunar frá í febrúar 2026. Með sameiningu og þar með stækkun stofnana ríkisins gefst aukið færi að stuðla að fjölgun starfsstöðva og ríkið ber að nýta það tækifæri og fastsetja störf utan höfuðborgarsvæðis.

Vinna þarf með eflingu starfsemi tengdri auðlindanýtingu hvers svæðis og stuðla þar að uppbyggingu sérfræðipekkingar. Vinna þarf að eflingu á starfsemi sem jafna á aðgengi að þjónustu ríkisins.

Mælikvarðar þurfa að vera meðallaun starfa, tegund starfa með áherslu á sérfræðistörf, kynjahlutfall og fjöldi starfsstöðva.

Setja þarf vara á eflingu óstaðbundinna starfa ef stjórnvöld eru ekki tilbúin að fastsetja stöðugildi stofnanna sinna í helstu byggðkjörnum, samhliða þeirri stefnu að sameina og stækka stofnanir.

Mat árangri af byggðastefnu

Þróun mannfjölda, aldursdreifing og kynjahlutfall eru grunnþættir í slíku mati. Mat á lýðfræðilegum veikleikum sem Nordregio hefur mælt um langa hríð skýra vel stöðu og gefa samanburð á milli áraþila hvort stefni upp eða niður. Síðan er það staða atvinnulífs, fjölbreytni starfa og ekki síst geta atvinnulífs til að sinna nýsköpun er mikilvægur árangursmælkvarði.

Önnur atriði

Fjallað verði um í Byggðaáætlun um áhrifs þess, hvernig staðið verði á eflingu borgaralegra innviða sem samtímis eiga að stuðla að auknu áfallapoli og varnargetu

Þjóðarinnar á grunni sjö grunnviðmiða NATO um áfallapol¹. Þessu tengt þá hefur verið mörkuð stefna um að bandalagsríki verji árlega 1,5% af vergri landsframleiðslu til varnartengdra fjárfestinga og framlaga sem styðja við áfallapol, öryggi og varnir. Undir þann útgjaldalið geta fallið ýmiskonar innviðir, samgöngumannvirki, netöryggi, löggæsla, landhelgisgæsla og eftirlit á landamærum svo dæmi séu nefnd.

Tillögur að aðgerðum til 5 ára.

Hér verður fjallað um einstaka aðgerðir í Hvítbók að Byggðaáætlun um aðgerðir til 5 ára, ábendingar um framkvæmd og reynslu og tillögur að nýjum aðgerðum eða aðgerðum sem megji fella niður meðal annars í ljósi tillagna um lækkun framlaga til Byggðaáætlunar.

A. Jafna aðgengi að þjónustu

3. Sérfræðiþjónusta á heilbrigðissviði

4. Menntasjóður námsmanna

Verkefni 3 og 4 koma hér fram í annað eða þriðja sinn sem tillaga í Byggðaáætlun. Markmið verkefnanna er á margan hátt jákvætt en útfærsla hefur reynst þrautin þyngri með vísan til skýrslu innviðaráðherra til Alþingis um framkvæmd verkefna Byggðaáætlunar. Eins hefur Alþingi samþykkt í lögum 60/2020 heimildir til ívilnana í tengslum við endurgreiðslur námslána. Við samþykkt laganna og í kjölfarið hefur ítarlega verið litið til Noregs. Í þingskjölum [630](#) og [1132](#) frá 157. löggjafarþingi koma fram svör ráðherra þess efnis að enginn hafi enn notið þeirra ívilnana, enda hafi ráðuneyti og stofnanir séð á lögunum og útfærslum þeirra alla meinbugi og náð að flækja mál svo úr hófi að ekkert hefur gerst. Ljóst er að framkvæmdaðilar hafa ekki vilja til að forgangsraða fjármagni til verkefnisins.

Að óbreyttu mun aðgerðin ekki skila árangri, til að spara áframhaldandi vinnu verði kannað hvort aðilar máls hafi breytt afstöðu sinni og ábyrgðarráðuneyti skýri aðkomu sína og verkefnið endurmetið í því ljósi.

6. Almenningsamgöngur milli byggða. Verkefnið hefur til margra ára verið í pattstöðu, stjórnvöld vilja efla almenningssamgöngur milli byggðarlaga og eins hefur ekki fengist niðurstaða hvernig ríkið vill styðja við og vinna með fjölkjarnasveitarfélögum að skipulagi almenningssamgagna. Vegagerðin sem umsjónaraðili almenningssamgangna á landsbyggðinni hefur fyrir sitt leyti, lagt niður akstur milli byggðarlaga samhliða sameiningu sveitarfélaga.

¹ https://www.nato.int/cps/en/natohq/official_texts_133180.htm

Aðgerðin og lýsing hennar er því jákvætt innlegg og fellur að aðgerð 5.2. og 5.3 í Samgönguáætlun. Þess er þá vænst að aðgerðin leiði til þess að Vegagerðin setji verkefnið í aukinn forgangi og leiði til eflingar almenningssamgangna milli byggða. Lagt til að tilgreina Ungmennaráð sem dæmi um samstarfsaðila.

7. Almenningsamgöngur til og frá borgarsvæðum. Af verkefnalýsingu virðist sem eingöngu sé átt við landssamgöngur en áætlunarflug er meginþáttur fyrir mörg byggðarlög sem tengingar við borgarsvæði og þar er tilvist Reykjavíkurflugvallar kjarnaatriði. Stjórnvöld hafa einnig eftt stuðning við áætlunarflug til næstu 4 ára.

Lagt er til að áætlunarflug verði hluti af markmiði um samþættingu mismunandi samgöngumáta til og frá borgarsvæðum. Lagt til að tilgreina Ungmennaráð sem dæmi um samstarfsaðila.

8. Íþrótt- og æskulýðsstarf í dreifðum byggðum. Ekki efnisleg ábending en bent er á að vinna verkefnið samhliða aðgerð nr 6 og 7. Lagt til að tilgreina Ungmennaráð sem dæmi um samstarfsaðila.

9. Umferðarminni tengivegir. Engar efnislegar ábendingar, en því er hér velt upp hvort að það nægi ekki, að þetta verkefni sé hluti af Samgönguáætlun og það auki flækjustig málsins að það sé hluti af aðgerðum í Byggðaáætlun. Áherslan komi fram í greinargerð um Byggðaáætlunar og bendi á aðgerðina í Samgönguáætlun.

10. Örnám á háskólastigi. Lagt til að fella þessa tillögu út en að lágmarki fara betur ofan í forsendur hennar. Fyrir utan Háskóla Íslands þá hafa háskólar á Íslandi, verið virkir í að þróa námsleiðir sem eru í takti við þarfir samfélags og atvinnulífs utan höfuðborgarsvæðis og gera mögulegt að stunda í fjarnámi eða blöndu staðnáms og fjarnáms um land allt. Með því að efla símenntunarmiðstöðvar sem eru í samstarfi við atvinnulíf þá má efla einingabær örnámskeið. Vakin er athygli á því að hluti símenntunarmiðstöðva eru hluti af starfsemi þekkingarsetra en eru annarstaðar sjálfstæðar einingar en í nánú samstarfi við aðila í héraði.

11. Stjórnsýslustöðvar ríkis í héraði. Hér þarf að setja sveitarfélög og landshlutasamtök sem samstarfsaðila. Verkefnið er áhugavert sem þróunarverkefni fyrir starfsemi á vegum stjórnvalda. Fagnað er áherslu um að færa sérfræðistörf um land allt og að sett séu töluleg markmið um hlutfall starfa utan höfuðborgarsvæðis. Lagt er til að verkefnið sé sett í forgang og samtímis verði tekin til umfjöllunar undirbúningur að Stofnun atvinnulífsins og aukin verkefni Umhverfis og orkustofnunar á grunvelli laga sem Alþingi samþykkti á þessu ári. En í báðum tilvikum eru sett ákvæði um eflingu starfsstöðva þessara stofnana um land allt.

12. *Löggæsludrónar* Engar efnislegar ábendingar, en nægir ekki að þetta verkefni sé hluti af aðgerðaáætlun dómsmálaráðuneytis. Það auki flækjustig málsins að það sé hluti af aðgerðum í Byggðaáætlun og það nægi að fjalla um það í greinargerð, mögulega í umfjöllun um eflingu borgaralegra innviða tengt áfallþoli þjóðar.

Engar efnislegar ábendingar við aðgerð nr 1,2,5 og 13.

Tillaga að nýju verkefni í A. hluta aðgerða, Greiðfærni

Hér er gerð tillaga að nýju verkefni innan kafla Hvítbókar, sem hér segir.

1.3. *Meginmarkmið. B.* Greiðfærni verði aukið með auknum þjónustutíma vetrarþjónustu innan vinnusóknarsvæða, milli vinnusóknarsvæða og tengingu við aðra landshluta.

1.5. *Mælikvarðar. A.* nýr liður. Samanburður á þjónustutíma vetrarþjónustu vinnu- og þjónustusóknarsvæða.

Aðgerðaáætlun til fimm ára.

6. Almenningsamgöngur milli byggða. Þjónustutími vetrarþjónustu verði aukið til stuðnings við þróun almenningsamgangna milli byggða.

7. Almenningsamgöngur til og frá borgarsvæðum. Þjónustutími vetrarþjónustu verði aukið til og frá Vestfjörðum til stuðnings við þróun almenningsamgangna. Samhliða verði bætt þjónusta við almenna umferð og þungaflutninga.

3.2. Áhrif á landshluta og sveitarfélög. Þjónustutími vetrarþjónustu verði aukið til stuðnings við þróun almenningsamgangna. Samhliða bætt þjónusta við almenna umferð og þungaflutninga.

B. Jafna tækifæri til atvinnu.

1. *Stoðkerfi nýsköpunar á landsbyggðinni.* Engar efnislegar ábendingar en bent á að tilgreina Sóknaráætlanir landshluta og landshlutasamtök sem framkvæmdaaðila.

2. *Staðarval ríkisstarfa.* Engar efnislegar ábendingar, verkefnið er framhald aðgerðar í gildandi Byggðaáætlun. Vakin er athygli á því að engin ný stofnun eða starfstöð nýrrar stofnunar hefur verið opnuð á Vestfjörðum í hátt í 20 ár en starfsemi hefur verið lögð niður t.d. Fjölmenningarseturs. Ríkið þarf að sýna verulega skýrari pólitíska sýn í þessu tilliti, eigi sameiningar á ríkisstofnunum að ná markmiðum sínum og fyrirheitum um eflingu þjónustu á landsbyggðinni

3. *Óstaðbundin störf.* Ekki er langt síðan landsbyggðarsveitarfélög töluðu um störf án staðsetningar sem lausn á flutningi starfa af höfuðborgarsvæði. Reynslan hefur sýnt, heilt á litið, að þau hafa frekar dregið störf til höfuðborgarsvæðisins, en einnig að nokkur leyti út fyrir landssteinana. Til skamms tíma og í ýmsum aðstæðum er sveigjanleikinn verðmætur, en festan og langtímasýnin þarf að vera á að opinber störf séu föst á landsbyggðinni. Því er hér lagt til að aðgerð um óstaðbundin störf verði felld brott eða henni breytt með einstefnuloka, þannig að óstaðbundin störf fái frekar nafnið „landsbyggðarstörf“.

Byggðastofnun hefur haldið utanum þessa stöðu eftir landshlutum á sérstöku [mælaborði](#), og eru nýjustu tölur frá 2024, sjá einnig skýrslu Þorkels Stefánssonar, „[Hvar eru ríkisstörfin?](#)“. Þar sést að höfuðborgarsvæðið er sá landshluti sem er með hæsta hlutfall ríkisstarfa af íbúafjölda. Eðlilegt er að hnykkt verði á hlutverki Byggðastofnunar í þessu tilliti með skýrari hætti.

Í þessu samhengi er einnig vert að benda á að skýrslur Byggðastofnunar taka einungis til fjölda stöðugilda en ekki annarra eiginleika þeirra. Er hér sérstaklega verðmætt að skoða heildarlaun. Þó þessu sé misjafnlega farið milli starfsgreina, er hætta á að ef yfirstjórn sameinaðra stofnana er á höfuðborgarsvæðinu verði meðallaun hærri þar en á landsbyggðinni. Þá eru (ef læknað eru undanskildir) öll hæstlaunuðu embætti ríkisins í Reykjavík. Eðlilegt er að hefja gagnasöfnun á þessum þætti dreifingar starfa.

4. *Leiðarvísir um viðveru og fjarveru.* Áhugavert verkefni sem liður í að auðvelda forstöðumönnum stofnana framkvæmd og varpa ljósi á eðli viðfangsefnisins.

7. *Byggðatengdar ívilnanir.* Ábending að þegar hefur verið skoðað hvernig Norðmenn hafa beitt efnahagslegum hvötum og ívilnunum í skatta- og samgöngumálum. Lýsa verður efasemdum um að málið nái fram með vísan til efnismeðferðar máls um ívilnun með endurgreiðslu námslána. Með samþykkt í lögum 60/2020 veitti Alþingi heimildir til ívilnana í tengslum við endurgreiðslur námslána. Við samþykkt laganna og í kjölfarið hefur ítarlega verið litið til Noregs. Í þingskjöllum [630](#) og [1132](#) frá 157. löggjafarþingi koma fram svör ráðherra þess efnis að enginn hafi enn notið þeirra ívilnana, enda hafi ráðuneyti og stofnanir séð á lögunum og útfærslum þeirra alla meinbugi og náð að flækja mál svo úr hófi að ekkert hefur gerst.

Viðbúið er að aðrar tilraunir af þessum meiði hljóti sambærileg örlög; fyrst langdregin skýrsluskrif, svo margar tilraunir fyrir þingi og þá svo flókna útfærslu að ekkert verður af neinu. Í kjölfarið myndi svo OECD leggja til að kerfið yrði einfaldað,

dregið yrði úr skattstyrkjum eins og það er kallað og málið er þá komið aftur á byrjunarreit.

10. Nýliðun og kynslóðaskipti í landbúnaði. Benda verður á að sveitarfélög fara með skipulagsmál og eru því lykilaðili í umræðu um ráðstöfun og skipulag lands til lengri eða skemmri tíma litið.

11. Matvælaöryggi, nýsköpun og nýliðun í matvælaframleiðslu. Engar efnislegar ábendingar, en orðskýring á matvælaöryggi væri æskileg, er átt við heilmæmi matvæla eða þjóðaröryggismál eða kannski báða þessa þætti?

12. Fluggáttir. Óskað er eftir að þeir landshlutar sem liggja nær Keflavíkurflugvelli en flugvöllunum á Akureyri og Egilsstöðum og í þeim skilningi fluggátt þessara landshluta, fái stuðning til markaðssetningar sinna landshluta m.a. til stuðnings þess markmiðs um að auka dreifingu ferðamanna um landið.

13. Stórbörungarækt. Þetta er nýtt verkefni og verið lengi í umræðu á Vestfjörðum í tengslum við undirbúning laga um Lagareldi. Nú hafa stjórnvöld í tvígang frestað að taka málið fyrir sem kafla í lögum um Lagareldi og því liðin hátt í 4 ár frá því stefnumörkun um lagareldi kom fram, sama á við skelrækt. Ef verkefnið er til að flýta undirbúningi laga þá er það málinu hagstætt en vonandi ekki til að auka flækjustig.

14. Tækifæri í dreifðari orkuvinnslu. Benda verður á að sveitarfélög fara með skipulagsmál og eru því lykilaðili í umræðu um skipulag og ráðstöfun lands til lengri eða skemmri tíma litið. Hér má nefna að í Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050 er í markmiði 3.4.1. fjallað um smávirkjanir, þar segir, *Setja sameiginleg viðmið fyrir virkjanir undir 10 MW sem eru utan rammaáætlunar, þar sem tekið er mið af orkuöryggi, náttúruvernd og samspili við samfélagið.* Í skýringum með markmiðum hvatt við varfærnis í leyfisveitingum með tilliti til samanlagðra áhrifa virkjana á landslag og lífríki. *Með því að móta samræmd viðmið um smávirkjanir tryggja sveitarfélögin að nýting smárra vatnsaflskosta styðji við sjálfbæra orkuöflun og samfélagsþróun án þess að raska um of náttúruverðmætum svæðisins.*

Engar efnislegar ábendingar við aðgerðir nr 5,6,8 og 9

C. Stuðla að sjálfbærum byggðum um land allt.

1. *Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða.* Engar beinar efnislegar ábendingar. Aðgerðin er lykilaðgerð fyrir verkefni sem falla að heildarmarkmiðum Byggðaáætlunar.

2. *Brothættar byggðar.* Aðgerðin er lykilaðgerð fyrir verkefni sem falla að markmiðum Byggðaáætlunar og varðar byggðir sem hafa eða glíma við lýðfræðilegar og efnahagslegar áskoranir.

Tillaga um þróun verkefna sem henti fjölmennari byggðir þarfnast meiri umræðu og umhugsunar um skörun verkefna ríkis og sveitarfélaga. Beinast liggur við að benda á sveitarfélög sem annað af tveim stjórnsýslustigum landsins og þau ráða sínum málum sjálf eftir því sem lög og fjárhagsrammi leyfir hverju sinni. Í annan stað ef það er vilji stjórnvalda að auka við aðgerðina með fjármagni og vinnu, að fara frekar þá leið að styðja við þróaða verkferla landshlutasamtaka við gerð og framkvæmd sóknaráætlana landshluta og nýta þekkingu og markmiðsetningu, einnig skipulagsgerð sveitarfélaga og stjórnsýslu sveitarfélaga er varðar íbúasamráð s.s. heimastjórnir og íbúasamtök.

3. *Þróunaráætlanir fyrir borgarsvæði.* Vísað er til umfjöllunar í greinargerð þessara umsagnar, þar sem þess er krafist að þessi aðgerð verði endurskoðuð og mótuð í samhengi við tillögu að nýrri aðgerð. Aðgerð sem varðar svæði / landshluta sem liggja utan skilgreindra marka borgarstefnu en þó ekki strjálbýli eða svæði sem hafa verið aðili að verkefninu Brothættar byggðir að því gefnu að þar liggi fyrir nýlegt stöðumat og markmiðs og starfsáætlanir.

5. *Íbúðauppbýgging í samræmi við þörf.* Skortur er á nýju íbúðarhúsnæði á Vestfjörðum og er eitt meginmarkmið Svæðisskiplags Vestfjarða í takti við íbúaspá, að sveitarfélögin í gegnum skipulagsgerð stuðli að nýbyggingum. Þau verkfæri sem þróuð hafa verið að hálfu stjórnvalda hafa um margt reynst vel en samt eru hnökrar sem leysa þarf og er þessi aðgerð til þess fallinn að vinna úr því.

8. *Samstarf almannavarnarfulltrúa.* Engar efnislegar ábendingar en nægir ekki að þetta verkefni sé hluti af aðgerðaáætlun dómsmálaráðuneytis og það auki flækjustig málsins að það sé hluti af aðgerðum í Byggðaáætlun.

9. *Líffræðileg fjölbreytni og skipulagsmál sveitarfélaga.* Engar efnislegar ábendingar en nægir ekki að þetta verkefni sé hluti af aðgerðaáætlun umhverfis-, orku og loftlagsráðuneytis og það auki flækjustig málsins að það sé hluti af aðgerðum í

Byggðaaætlun og þar fyrir er málaflokkurinn utan málasviðs Byggðastofnunar.

10. List fyrir alla. Lagt til að verkefnið verði stækkað og nái til breiðari aldurshóps en á grunnskólastigi. Eins að verkefnið styðji við listamenn sem starfa í héraði.

11. Alþjóðleg samkeppnishæfni. Aðgerðin í óbreyttri mynd er misvísandi enda beinist hún eingöngu að borgarsvæðum. Lagt er til að verkefnið verði stækkað og tekin inn svæði þar sem nýsköpun og sérhæfing hefur byggst upp í landshlutunum á síðustu árum.

14. Samstarf í skipulags- og byggingarmálum. Engar efnislegar ábendingar, en nægir ekki að þetta verkefni sé hluti af aðgerðaaætlun Landsskipulagsstefnu og það auki flækjustig málsins að það sé hluti af aðgerðum í Byggðaaætlun.

Engar efnislegar ábendingar við aðgerðir nr 4, 6, 7, 10 og 13

Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vestfjarðastofa áskilja sér svo rétt til að koma að málinu á síðari stigum og lýsa vilja til að eiga samráð með innviðaráðuneyti um mótun þingsályktunar um Byggðaaætlun.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar.